



Aðalstjórn UMF Stjörunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 27.09.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Viðar Erlingsson (VE) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU), Víctor Ingi Olsen (VIO) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
- 2) Skýrsla framkvæmdastjóra

Mögulegt samstarf við Toyota

Viðræðum við fyrirtækið er lokið án árangurs.

Erindi foreldra iðkanda í fimleikadeild frá síðasta fundi.

Málinu er lokið eftir frekari bréfaskriftir, iðkandinn æfir nú bæði fimleika og knattspyrnu.

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar

Deildin hefur fallið frá því að halda stórdansleik í tengslum við uppskeruhátíð. Verkefnið þarfnast frekari undirbúnings og yfirlegu.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu í Meistarakeppni Evrópu kvenna

Heimaleikurinn var leikinn í gær og lauk með markalausum jafntefli. Möguleikar okkar hljóta að teljast góðir í seinni leiknum eftir að hafa haldið jöfnu einum leikmanni færri í 60 mínútur.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu í baráttu um Evrópusæti

Hreinn úrslitaleikur við Breiðablik á Kópavogsvelli nk laugardag kl. 14:00. Jafntefli dugir okkar mönnum til að tryggja Evrópusætið.

Fundur með Íþróttafulltrúa Garðabæjar

Formaður og framkvæmdastjóri áttu á dögunum ágætan fund með íþróttafulltrúa Garðabæjar. Þar lýstum við áhyggjum okkar að því að þrengt væri að okkur í íþróttahúsum bæjarins. Leiðin til að tryggja hagsmuni félagsins er að æfingatöflur næsta tímabils liggja fyrir að vori og óskir félagsins um aðstöðu byggi á þeim. Málafni Kraftlyftingafélags Garðabæjar rædd.

Reglur um ráðningu starfsmanna

Ráðning leikmanna og þjálfara hefur verið á hendi deilda án afskipta framkvæmdastjóra eða aðalstjórnar nema hvað framkvæmdastjóri þarf að staðfesta gerða ráðningarsamninga með tilliti til þess að þeir rúmist innan áætlunar.

Í framhaldi af umræðum um leikmenn og þjálfara á síðasta fundi aðalstjórnar velti ég fyrir hvort setja þurfi frekari skorður á deildir félagsins og hugsanlega kröfur um skil á gögnum t.a.m. sakavottorðum.



3) 8 mánaða uppgjör félagsins

Framkvæmdastjóri fór yfir lykiltölur í 8 mánaða uppgjöri og svaraði spurningum. Afkoma félagsins í heild er jákvæð um rúmar 10 milljónir.

4) Rekstraráætlanir deilda

Gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir stöðunni í áætlanagerð deilda. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir útkomuspá deilda fyrir árið 2012 í framhaldi af 8 mánaða uppgjöri.

5) Frestuð mál frá síðasta fundi

a) Gildi UMF Stjörnunnar

Formaður kynnti drög að gildum félagsins og framsetningu þeirra. Aðalstjórn er sammála upplegginu og vísar málinu aftur til formanns til frekari úrvinnslu.

b) Reglur um hegðun og framkomu iðkenda, starfsmanna og sjálfboðaliða

Aðalstjórn mun vinna málið áfram.

c) Skipulag sunddeildar

Rætt um nauðsyn þess að fullmanna stjórnir deilda. Einnig er mikilvægt að sem flest sjónarmið um stefnu og markmið deildanna séu hluti af umræðunni um framtíð félagsins. Aðalstjórn fagnar öllum þeim sem sýna áhuga á þátttöku í starfi Stjörnunnar.

6) Stjörnumerkið

Kynnt drög að reglugerð um Stjörnumerkið og notkun þess. Aðalstjórn mun vinna málið áfram.

7) Önnur mál

Ný stjórn fimleikadeildar

Ný stjórn hefur tekið við stjórnartaumum í fimleikadeild undir stjórn Ágústu Jóhannsdóttur formanns. Aðalstjórn býður nýja stjórn velkomna til starfa og þakkar fráfarandi stjórn gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Skokkhópur Garðabæjar

Formaður gerði grein fyrir hugmyndum um aðild Skokkhóps Garðabæjar að félaginu. Aðalstjórn fagnar áhuga hópsins og telur hagsmunum hans best borgið undir merkjum Almenningsíþróttadeildar félagsins. Framkvæmdastjóra og formanni falið að ræða við hópinn.

Reglugerð um afrekssjóð

Rætt um reglugerð um afrekssjóð UMF Stjörnunnar. Reglugerðin er í smíðum hjá gjaldkera og verður lögð fram á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 19:30. Ritað PGr.